# Leitir.is – Heilbrigðisvísindabókasafn

Leitir veitir upplýsingar um prentuð og rafræn rit sem finnast á bókasöfnum og í rafrænum aðgangi.

Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala og Háskóla Íslands er með sérstaka undirsíðu á Leitum þar sem hægt er að leita í safnkosti bókasafnsins:

https://hbv.leitir.is/




Á síðunni er hægt að:

- framkvæma einfalda leit eftir titli, höfundi, efnisorði o.s.frv.
- fá upp ítarlegri leit þar sem hægt er að setja saman leitarskilyrði og afmarkanir
- leita að tímariti eftir titli eða ISSN númeri
- skrá sig inn á sínar síður til að skoða útlán, framlengja lánum, panta frátekt, breyta persónuupplýsingum og fleira

Það er hægt að hefja leit með einföldu leitarorði og þrengja síðan leitarniðurstöður eftir á til að fá upp það efni sem hentar best.

Byrjum til dæmis á leit fyrir gigtarlækningar, notum enska orðið *rheumatology*.




Vinstra megin eru ýmsir flokkar sem hægt er að nota til að þrengja niðurstöður leitarinnar. Undir *Birta aðeins* er hægt að afmarka leitina við það efni þar sem við höfum aðgang að heildartexta (hvort sem það er opinn aðgangur, landsaðgangur eða með öðrum áskriftarleiðum), eingöngu ritrýnd tímarit, eingöngu opinn aðgang eða það sem telst vera í vörslu bókasafnsins. Í vörslu bókasafns getur þá átt við um prentuð eintök eða rafrænar áskriftir.

Tegund viðfangs er á hvaða formi efnið er.



Einnig er hægt að fá frekari efnisorð eða þrengja eftir höfundum og tungumáli. Að auki er hægt að velja þrengra tímabil til að leita eftir, til dæmis ef leitandi vill bara sjá það nýjasta sem hefur komið út um þetta tiltekna efni.




Ef við viljum til dæmis bara skoða bækur sem Heilbrigðisvísindabókasafnið á um gigtarlæknisfræði þá er einfalt að þrengja leitina þannig:



Þá fáum við þessa niðurstöður:




Þarna sést líka hvort við höfum aðgang að heildartexta í gegnum opinn aðgang eða hvort það er *rafrænn aðgangur* sem þýðir að bókin er í áskrift hjá safninu. Með því að smella á titilinn fáum við upp frekari upplýsingar um bókina:




Þarna er hægt að velja *skoða heildartexta* til að fá bókina upp.

Með því að velja tengilinn færumst við sjálfkrafa yfir á rafrænt eintak af bókinni.




Hérna er hægt að lesa bókina.

En í leitinni koma einnig upp þær bækur sem eru til á safninu í prentuðum eintökum.




Þarna kemur upp titillinn *Textbook of pediatric rheumatology* þar sem ekki er boðið upp á rafrænan aðgang heldur eingöngu spurninguna *Hvernig næ ég í efnið?*

Með því að smella á bókina koma upplýsingar um hvar bókin er tiltæk og hvort hún sé inni eða í útláni.



En það er líka hægt að nota sömu grunnleit til að finna tímaritsgreinar sem hægt að er að nálgast í gegnum opinn aðgang, landsaðgang og séráskriftir á vegum Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands.

Með grunnleitarorð eins og *rheumatology* er hætt við að leitin verði alltof víð og leitarniðurstöður of margar til að hægt sé að komast í gegnum þær með góðu móti. En það má finna uppástungur í efnisflokkunum um hvernig hægt væri að þrengja leitina eftir því sem hentar.




Þarna má ýmist velja hvaða efnisorð á að nota (kassinn vinstra megin við orðið) eða velja tiltekin efnisorð til að útiloka (rauði kassinn hægra megin við orðið) í leitarniðurstöðum.

Hér er dæmi um sömu leit nema það er búið að þrengja leitarniðurstöður í eingöngu tímaritsgreinar úr ritrýndum fræðigreinum með aðgengi að heildartexta sem hafa komið út á síðustu 5 árum:



Við það fækkaði leitarniðurstöðum úr rúmlega 300 þúsund niður í 88 þúsund. En ef einungis síðustu 3 ár eru valin:




Þarna eru niðurstöður komnar niður í 55 þúsund og enn má nýta tæki og tól til að þrengja leitina eða fá hugmyndir að nýjum leitum.

Sams konar leitir má svo framkvæma á aðalsíðu Leita.is til að fá yfirlit yfir efni sem hægt er að finna í öðrum bókasöfnum en Heilbrigðisvísindabókasafninu.

Til að fá frekari upplýsingar um leitir á Leitarsíður Heilbrigðisvísindabókasafnsins þá getið þið alltaf sent okkur tölvupóst á [bokasafn@landspitali.is](mailto:bokasafn@landspitali.is)

LANDSPÍTALI
HEILBRIGÐISVÍSINDABÓKASAFN
LANDSPÍTALA OG HÁSKÓLA ÍSLANDS